

169 láta í tje lambsfóður fyr en í næsta gjalddaga tollsins, eptir að tjeð lög náðu fullu gildi
10. nóv. haustið 1879.

Fyrir greiðslu á gjaldi því, sem hjer ræðir um, mun aldrei hafa verið ákveðinn neinn gjalddagi, en það leiðir af því, að það megi greiða það með heyi, að gjalddagurinn verður að vera á haustin, þó það, þegar það er galdið með því að taka lamb í fóður, ekki verði fullborgað fyr en í eldaskildaga vorið eptir. Hins vegar byrjar bóndinn, sem tekur lambið á haustin, þegar þá að greiða gjaldið, og það leiðir af hlutarins eðli, að hann, ef hann á að geta látið af hendi hey eða fóður, þarf að vita þetta fyrir heyannir. Samkvæmt þessu er jeg stiptsyfirvöldunum samdóma um, að presturinn á Vestmannaeyjum geti ekki heimtað heytoll af hlutaðeigandi búöndum fyr en frá haustinu 1879, og með því að lög 14. desember 1877 virðast ekki hafa gjört ráð fyrir öðru, getur presturinn ekki átt tilkall til endurgjalds úr landssjóði fyrir heytolli frá 1. janúar þ. á.

Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

170

16. nóv.

Auglýsing.

Til þess að það sjáist sem fljótast og glöggast, hvort fullnægt verði úrskurðum landshöfðingja á athugasemdum þeim, er endurskoðandi gjörir við reikninga fyrir tekjum og gjöldum landssjóðsins, er hjer með lagt fyrir alla reikningshaldara að gjöra með næsta pósti, eptir að þeir hafa meðtekið viðkomandi úrskurð, nauðsynlegar ráðstafanir til, að honum sjé fullnægt, hvort heldur þetta er innifalið í því að greiða það, sem vangaldið hefir verið í landssjóð, eða að taka úr landssjóði það, sem ofborgað hefir verið.

Slíkar upphæðir má að eins greiða með peningum í jarðabókarsjóð og úr honum. Heldur ekki má, eins og margir reikningshaldarar að undanfögnu hafa gjört, taka slíkar upphæðir upp í reikning næsta árs, eða greiða þær sem tekjur samkvæmt öðrum ársreikningi en þeim, er úrskurðurinn er gefinn út fyrir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 16. nóvember 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

171

17. nóv.

Auglýsing

Samkvæmt ályktun alþingis um sölu á þjóðeignum er hjer með gjört heyrum kunnugt, að ef leiguliði á þjóðeign óskar að fá ábýlisjörð sína keypta, þá beri honum að tilkynna það sýslumanni sínum brjeflega, með ósk um, að hann leiti álits hlutaðeigandi umboðsmanns eða hreppstjóra, ef hann sjálfur er umboðsmaður, að hann þar næst leggi málið svo fljótt, sem kostur er á, fyrir sýslunefndina til þess, að hún gefi ítarlega skýrslu um eignina, og kveði á um hæfilega verðhæð hennar, og að síðustu sendi málið með skýrslum þeim, er þannig eru fengnar til landshöfðingja, svo hann geti lagt það fyrir alþingi með skýrslum þeim öllum, sem hœfa þykir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 17. nóvbr. 1879.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.